



Reykjavík, 18. mars 2026

VEL25090041

UMSÖGN

Umsögn mannréttindaráðs um stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2030

Mannréttindaráð telur afar jákvætt að verið sé að vinna að stefnu í málaflokki fatlaðs fólks í Reykjavík. Mannréttindaráð vill þó koma nokkrum athugasemdum á framfæri. Stefnan er ekki kostnaðarmetin sem mannréttindaráð geldur varhug við. Það skortir einnig aðgerðaáætlun við stefnuna, og hvernig stefnt er á að ná markmiðum hennar, þó þau séu góðra gjalda verð.

Fagna ber nýjum kafla um sjálfstætt líf. Það er mikil framför að sjá þessa hugmyndafræði sem sjálfstætt markmið, sem gefur stefnunni nútímalegra yfirbragð og sýnir metnað við að fylgja alþjóðlegum mannréttindasamningum. Mannréttindaráð leggur þó áherslu á að hugtakið sjálfstætt líf fái skýra tengingu við notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) í stefnunni. Þó önnur þjónustuúrræði eigi að horfa til þessarar hugmyndafræði er NPA það þjónustuform sem kemst henni næst.

Mannréttindaráð gerir athugasemd við orðalagið „að vinna að þróun“ NPA, líkt og gert hefur verið í stefnum borgarinnar frá árinu 2010. NPA eru lögfest réttindi (lög nr. 38/2018) og að mati ráðsins ætti orðalagið að endurspeglar raunverulega framkvæmd, í stað þróunarvinnu, og kveða á um að stefnan tryggi að þau sem þurfa og óska eftir NPA fái slíkan samning.

Eftirfylgd stefnunnar ætti ekki eingöngu að fara fram hjá skrifstofu í málefnum fatlaðs fólks á velferðasviði heldur einnig hjá samráðshópi í málefnum fatlaðs fólks sem á sæti í mannréttindaráði fyrir hönd hagsmunasamtaka fatlaðs fólks.

Það er jákvætt að sjá að í stefnunni sé fjallað um aðgengi í breiðum skilningi og horft til aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar.

Mannréttindaráð bendir á að hvergi í stefnunni er fjallað sérstaklega um fötluð börn og stefnu í málefnum þeirra vantar almennt hjá Reykjavíkurborg. Það er mikilvægt að hópurnir gleymist ekki í stefnumótun borgarinnar þar sem hann á rétt á viðeigandi þjónustu, stuðningi og á að njóta sömu tækifæra og aðrir.



Reykjavík